



Skólanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð

12. fundur Skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Stjórnsýsluhúsinu Borg, 26. september 2023 kl. 14:15.

Fundinn sátu:

Pétur Thomsen, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar
Guðmundur Finnbogason, fulltrúi sveitarstjórnar
Anna Margrét Sigurðardóttir, fulltrúi sveitarstjórnar
Anna Katrín Þórarinsdóttir, fulltrúi kennara
Iða Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri
Íris Gunnarsdóttir, fulltrúi foreldra
Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri boðaði forföll
Sigríður Þorbjörnsdóttir, deildarstjóri leikskóla
Sigrún Hreiðarsdóttir, deildarstjóri grunnskóla

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Guðmundur Finnbogason.

1. Starfsáætlun Kerhólsskóla

Farið var yfir Starfsáætlun Kerhólsskóla. Rætt var um skipulag skólasálfræðinga hjá Skólaþjónustu Arneshöfna. Fulltrúar skólans fara yfir stöðuna en núna eru sálfræðingar í verkstöðu hjá skólaþjónustunni. Þau munu uppfæra þessar upplýsingar í samræmi við upplýsingar frá skólaþjónustunni. Rætt var um þjónustu talmeinafræðinga hjá skólaþjónustunni. Mikilvægt er að þessi þjónusta sé fyrir hendi og aðgengi ekki skert. Rætt um tímafjölda í stundaskrá. Allir sammála um að aukin tími í íþróttum sé mikilvægur en að huga þurfi að því að ná yfir allt efnið sem lagt er fyrir. Starfsáætlun er staðfest og verður send sveitarstjórn.

2. Fundargerð Skólaráðs

Lögð fram til kynningar.

3. Skýrsla um innramat Kerhólsskóla

Innramatsskýrsla tekin fyrir. Kallað er eftir skýrslu fyrir innramatsáætlun síðasta skólaárs og niðurstöðum af þeirri vinnu. Einnig er óskað eftir nánari útlistun á áhersluatriðum þessa skólaárs.

4. Breytingar á aðalnámskrá leikskóla – umræða um fund á vegum ráðuneytisins

Tveir nefndarmenn (Sigríður og Pétur) sóttu þann fund sem að staðfesti vel þau verkefni sem að leikskóladeild hefur verið í undanfarin ár. Einnig var rætt um eiturefni í leiktækjum og húsgöngum. Sú umræða er þörf og mikilvægt að huga vel að þessum þáttum, stjórnendum falið að skoða þessi mál betur og kynna fyrir skólanefnd á næsta fundi.



Skólanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

5. Erindi frá foreldrum varðandi gervigrasvöllinn

Foreldrar óska eftir því að gervigrasi á vellinum verði skipt út fyrir gras sem að er ekki með kurlri og uppfylli heilbrigðiskröfur.

Skólanefnd styður þær hugmyndir og leggur til við sveitarstjórn að ganga í það verkefni. Bent er á áætlun frá Umhverfis og auðlindaráðuneytinu frá árinu 2017. En þar er gert ráð fyrir að búið sé að klára endurnýjun á öllum völlum fyrir árið 2026.

6. Rýmisúttekt á skólahúsnæði

Formaður hefur verið í sambandi við Ósk Soffíu hjá Reykjavíkurborg sem ætlar að aðstoða við að finna ráðgjafa í verkefnið. Formaður fylgir eftir þessu verkefni.

7. Skólaþing

Kennarar vilja gjarnan fá betra samtal um tilgang skólaþings. Rætt um að það sé mikilvægt að samfélagið hafi tækifæri til að ræða skólamál í víðu samhengi. Meðal annars mætti ræða skólastefnuna og ný farsældarlög. Rætt um að skipuleggja þennan fund vel og reyna að ná góðri þátttöku.

Næsti fundur Skólanefndar verður haldinn 24.10.2023, kl. 14:15.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:30